



Sósíalístaflokkurinn og Æskulýðshreyfingin, febrúar og mars 1961

Bjarni Benediktsson – Stjórn­mál – Dóms- Heilbrigðis- og – Iðnaðarmálaráðherra – Landhelgisdeilan –
Sósíalístaflokkurinn – Æskulýðshreyfingin – Framsóknarflokkurinn – Þjóðviljinn – Einar Olgeirsson –
Ingi R. Helgason – Kjartan Ólafsson – Lúðvík Jósefsson – Halldór E. Sigurðsson – Magnús Kartansson –
Verkalýðsfélagið Iðja – Mótmæli – Verkföll

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360

Stjórn­málamaðurinn

Askja 2-25, Örk 5

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

28.2.'61.

1. Einar Olg. gekk mjög ákveðið fram í því, strax eftir að þingsályktunartillagan var komin fram, að hefja þegar undirbúning að fundi í Austurbæjarbíói á þriðjudagskvöldi og auglýsa hann sem fyrst. Ingi R. tók dræmt í það, nema vitað væri hverjir ræðumenn væru fánlegir. Einar tók af skarið og sagði að hefjast myndu stóraðgerðir um allt land. Framsókn stæði með þeim í vantrausti og öðru. Nú yrði að ganga hart fram. Ingi lagði mikið upp úr Framsókn og var áhugasamari eftir að hann heyrði um sameiginlegt vantraust.

2. Ekki gekk greiðlega að fá ræðumenn. Ákveðið var strax að Einar talaði og skömmu síðar, að Hannibal skyldi vera ræðumaður. Brynjólfur lagði allhart að Kjartani Ólafssyni (hernámsandstæðingi) að verða ræðumaður. Þærðist Kjartan mjög undan því, þar eð hann ætti að tala á sama stað eftir halfan mánuð, að vísu ekki um sama mál. Brynjólfur gerði lítið úr því, en kvað fyrirvarann vera nokkuð stuttan. Þeir væru hinsvegar í vandræðum með ræðumenn. Aðspurður sagði hann Lúðvík ekki geta það, Magnús Kjartanson vildi það ekki, Hannibal yrði kannske farinn vestur. Eðvarð yrði sennilega fundarstj. Kjartan færðist enn undan, en vildi þó hugsa málið stutta stund. Neitaði síðar. Kvaðst ekki vera sá bóguur að geta þetta. Tók samt fram að sér líkaði aðgerðirnar mjög vel.

Magnús Kjartanson fékk Hallgrím Jónasson til að halda ræðu. Hann tók því dræmt vegna tímaskorts, en lét þó fúslega til leiðast.

3. Einar Olg. var hræddur um dræma fundarsókn vegna veðurs og lagði á það mjög mikla áherzlu, að smölun yrði vel skipulögð. Hefir flokksvélin verið mjög vel í gangi í dag, samband haft við fjölda deildarformanna og lagt fyrir þá að hringja í sína hópa. Hefir verið unnið við það af mjög miklum dugnaði.

4. Mikið hefir verið rætt um útifund annaðhvort á laugardaginn eða sunnudaginn. Eru menn sammála um það flestir að rétt sé að halda hann. Sumir telja það þó nokkra áhættu vegna veðurs. Hannibal telur, að til athugunar komi, að fella niður vinnu á meðan fundurinn stendur, ef hann verður haldinn á virkum degi. uppástunga um útifund kemur frá Kristjáni Thorlacíus, sem hvetur mjög eindregið til hans.

5. Halldór E. Sigurðsson hafði samband við Inga R. Helgason og bauð honum þátttöku í "borgarafundi" á Akranesi, sem þeir Daniel Ágústínusson ætla að halda þar. Ráðagerð um Snæfellsnes um helgina. Tekið fram að fundirnir séu ekki auglýstir undir flokksnefni. Ingi þiggur boðið.

6. Lúðvík Jósefsson er æðsta vald um skýringar á einstökatriðum í sambandi við landhelgissamninga. Hann leggur á það áherzlu við Inga, að hamrað verði á því, að um enga formlega viðurkenningu sé að ræða af hálfu Breta. (Ingi tekur fram að framkvæmdanefnd flokksins leggi ekkert upp úr því.) Lúðvík telur það mikinn misskilning hjá nefndinni. Ekkert bindi Breta að taka málið ekki upp aftur eftir 3 ár. Engin viðurkenning. L. telur að leggja beri áherzlu á , að ómögulegt verði að gæta landhelginnar hér eftir með þessu "pokasystemi". Grunnlínubreytingarnar séy ekki eyrisvirði. Það sé margviðurkennt af öllum, að slíkt sé okkur heimilt að gera einhliða hvenær sem er. Aðspurður segir hann að það hafi ekki verið gert eins og nú í þingsályktunartillögum strax með reglugerðinni 1958 eingöngu vegna þess, að Sjálfstæðisflokkurinn og Jafnaðarmenn hafa harðneitað því. Ingi spyr, hvort þetta sé skjalfest. Segir L. það vera, enda hafi hann komið fram þetta oft-
ar en einu sinni áður.

L. virtist vera að gefa Inga lexíu, en sagði að lokum: Þeir fá vafalaust forsprung í þessu núna, sem vonlegt er, þegar umræður hafa verið dregnar svona. Það var hörmungarvitleysa, eins og ég hefi alltaf sagt.

7. Í ýmsum samtölum er talað digurbarkalega um mikla andstöðu hjá fjöldanum, misjafnlega þóeftir því við hvern er talað. Eðvarð getur þess við Inga, að stemningin sé miklu minni en maður skyldi ætla. Y Ingi telur það manmat, en E. telur sig kunna betur að meta það en I. Sorglega lítil stemning, þegar um þetta mál sé að ræða.

8. Lagt er mjög mikið kapp á allan undirbúning vegna Iðjukosninga. Einar Olg. telur að það sé höfuðnaudsyn að vinna þar sigur og gefur fyrirmæli um að flokksapparatið sé notað til hins ítrasta við þær. Ingi R. hefir heyrt að lítil von sé um Iðju vegna óheppilegs framboðs. Keppst er við að skrifa utan á umslög í A.F.R. til allra kenna í Iðju.

Bréfið skrifar Guðm. J. og er ætlunin að komapví út á morgun. Verið að útvega bíla. Björn Bjarnason farinn að vinna af krafti. Jóni Rafnssyni þykir það góð tóindi, en því heljarmenni verði að koma inn á réttar brautir, til þess að gagn verði af honum. Jóni liggur, eins og fleiri mjög þungur hugur ~~æ~~ til Inga R. Telur hann algjöran ónytjung í framkv.stj.-stöðu flokksins. Hann eigi að sjá um Iðjukosningarnar, en geri ekki neitt ennþá, eða hafi Guðm. Hjartarson talað um búðalaust við hann í dag og veiti ekki af, að sá piltur fái orð í eyra.

9. Flokkurinn á í mjög miklum fjárhagsörðugleikum. Hefstarfsfólk ekki fengið laun greidd um skeið og er mikið vandræðatal út af því. Nýr fjármálastjóri krefur Inga upplýsinga um það, hvernig fé sé ~~æ~~ venjulega skrapað saman til þess að standa skil á launum. Spyr hann Inga m.a., hvort ekki sé hægt að fá fyrirframgreiðslu á endurskoðandalaunum Inga hjá þanum eða einhverja aðra bitlinga frá einhverjum öðrum, sem þeir eigi ekki að fá til eigin nota, heldur flokkurinn.

10. Illt umtal, sérstaklega um Inga R. og Kjartan Helgason.

11. Hannibal vill að samningar takist sem fyrst í Vestmannaeyjum, ef unnt sé að komast skammlaust út úr þeim. Telannars nokkra hættu á, að til óspekta kynni að koma, en það væri mjög óheppilegt að hans dómi.

12. Ingi R. spyr Eðvarð, hvenær hann ætli að skella allsherjarverkfallinu á. Eðvarðs svarar, að það verði líklega einhver annar fremur til að skella því á. Er dræmur.

13. Kjartan Ólafsson vinnur ötullega í andspyrnuhreyfingunni. Talar við marga vegna miðnefndarfundar, sem halda á annað kvöld í Aðalstræti 12. Mörg mál á dagskrá, en í bili fyrst og fremst samningarnir. Þeir eru að safna undirskriftum um allt land. Eru í mörgum hreppum komnir upp í 30-40 %. Gengur vel 'Borgarfirði og Árnnessýslu. Sömuleiðis víða á Austfjörðum, t.d. yfir 50% á Seyðisfirði. Dræmara í Vestmannaeyjum. (Sennil. um mótmæli gegn hernum að ræða.)

1. marz 1961.

1. Aðalverkefni dagsins hjá flokksskrifstofunum og A.F.R. hefir verið undirbúningur løjukosninga á sunnudaginn kemur. Unnið er sleitulaust að utanáskriftum á bréf til félagskvennanna, sem nauðsyn þykir að pósta í kvöld. Megináherzlu á að leggja á það, að ná atkvæðum kvennfólksins, sem mun vera í meirihluta í félaginu. Framboð er miðað við það. Mjög margir hafa verið boðaðir á "áhugaliðsfund", sem halda á annað kvöld, bæði félagskonur úr løjju, flokkskonur og menn. Margir eru beðnir um bifreiðalán á sunnudaginn. Sömuleiðis um hjálp við smölun. Auk hverfisliða tekur A.F.R. mjög virkan þátt í þessu.

Vantrú á sigur kemur fram hjá sumum, t.d. Margréti Auðunsdóttur.

Sosíalístaflokkurinn leggur áherzlu á, að útifundur verði ekki á sunnudaginn vegna løjukosninga.

2. Menn virðast ánægðir með fundinn í gærkvöldi. Eru ýmsir hróðugir yfir því, hversu vel fundurinn var vel sóttur, þrátt fyrir óhagstætt veður. Er það talinn mælikvarði á það, hversu mikil andstaða sé gegn samningum, einkum hjá þeim, sem ekki vissu um undirbúningsstörf vegna fundarins. Ýmsir gagnrýna ræðumenn, en nokkuð sitt á hvað. Flestir eru óánægðir með Hannibal af þeim, sem gagnrýna. Er talinn hafa talað sundurlaust og ekki með neinum krafti. Einn telur Einar hafa verið með lélegasta móti og annar telur að Alfreð hafi nærri verið búin að eyðileggja fundinn. Einn hrósar hinsvegar Hallgrími Jónassyni.

3. Töluverðrar óánægju verður vart vegna samninga kvenna í Vestmannaeyjum.

4. Landhelgismálið hefir ekki verið neitt aðalmál í dag. Þó drepið á það annað slagið. Tveir náungar (óþekktir, ekki framámenn) ræða sín á milli, að æskilegt væri að koma á stað öðrum 30. marz í næstu viku, þegar málið verður afgreitt í næstu viku. Þá þurfi Magnús Guðmundsson fv. lögregluþj. (!) til þess að skipuleggja árásarlið. Hann sé nú farinn úr Verði, svo það ætti má að vera mögulegt. Ókunn kona bendir Alþýðusambandi á að gera ætti allsherjarverkföll vegna þingsályktunartill. Slíkt hafi verið gert í Danmörku og það

ætti eins að vera hægt hér. Skrifstofukona tekur því dræmlega.

2-3. marz 1961.

1. Mikill og stöðugur undirbúningur vegna Iðjukosninga. 'Ahuga-liðsfundur verður haldinn' í kvöld.

2. Óánægja með framboð Halldóru í formannssæti. Þótti mjög léleg á fundinum í gær og varla geta stautað sig skamlaust fram úr ræðu, sem Guðm. J. hafði samið fyrir hana.

3. Jón Rafnsson vinnur mikið með viðtölum við fjölda fólks út af kosningunum. Hann leggur megináherzlu á eftirfarandi atriði:
Trúnaðarmenn á vinnustöðum vinni ötullega.
Allur kunningsskapur sé notfærður vandlega.
Smala hverfin af krafti alveg án tillits til þess, hvort smalarnir þekki viðkomandi persónur eða ekki. Það er hans reynsla, að stelpurnar kjósa með þeim, sem fyrstir eru til að sækja þær.

4. Farið að ræða talsvert um útifund. Talið of seint að halda hann á morgun vegna nauðsynlegs undirbúnings. Hinsvegar talað um mánudag. Ekkert afráðið. Framsókn vill að Alþýðusambandið standi fyrir fundinum. Til greina hefir einnig komið, að Framsóknarfl. og Alþýðubandalag standi fyrir honum. Fundur vegna þessa í ~~ÁIX~~ Alþýðusambandsstjórn í dag kl. 5.

5. Áherzla lögð á, að þjóðviljinn sé mjög lélegur í landhelgis- málinu. Morgunblaðið hafi greinilega unnið fyrstu lotuna. Þjóðviljinn verði að gera betur. Sérstaklega þykir forsíða blaðsins í dag léleg. Fá Lúðvík til að herða á.

6. Útvarpsumræður: Ánægja með Lúðvík. Karl þykir hafa staðið sig illa, en Þórarinn nokkuð vel.

4. marz 1961.

1. Ákvörðun um útifund og skipulagning hans eitt aðal-
verkefni dagsins.

Hannibal telur ekki óheppilegt að halda fundinn á sunnu-
dag, þrátt fyrir kosningar. H ann taki stuttan tíma og atti ekki
að verka neitt truflandi á þær. Þó sé það kostur við mánudag, að
þá standi yfir hörkuumræður í þinginu og væri ekki óeðlilegt, að
nefnd færi þangað með ályktun og fundurinn fylgdi eftir niður
að Alþingishúsi. Alþýðusambandið vilji ekki vera beinn aðili að
fundinum. Hann geti vel hugsað sér það sjálfur, en Eðvarð og Snorri
hafi ekki áhuga fyrir því. Síðar um daginn "týnist" Hannibal og
reynist ókleyft að ná til hans, þrátt fyrir margar tilraunir.

Kristján gefur upp fyrri hluta dags að Framsókn sé reyðu-
búin til útifundarins. Sumir álíti að vísu að hann sé of seint
haldinn. Hann er með Sigurvin sem ræðumann og Þórð til vara.

Kartan Ólafsson í Andspyrnuhreyfingunni er mikill hvata-
maður fundarhalds. Segist muni mjög vanda til ræðumanns. Nefnir
Jónas Árnason. Telur þó að ekki sé víst að hreyfingin geti verið
beinn aðili vegna álits sumra félaga, en hún muni undir öllum
kringumstæðum verða mjög sterkur áskorunaraðili til þátttöku og
við smölun.

Gils Guðmundsson telur líklegt að Þjóðvörn muni taka
þátt í fundinum, fyrst hann sé á svona breiðum grundvelli. Muni
hann þá væntanlega tala sjálfur. Þarf þó að athuga mál þetta nán-
ar, þar sem það hafi ekkert verið rætt.

Ingi R. er tengiliðurinn í öllum viðræðum fundarins
vegna. Efir hádegið er mikil stemning komin í hann. Taldi að um
þjóðfylkingu væri orðið að ræða. Fundurinn væri orðinn á svo breið-
um grundvelli, að mikið mætti nota hann sem áróðurstæki. Best væri
hvað Framsókn væri ákveðin. Hafði samband við Einar, Lúðvík og
ýmsa aðra. Einnig Þjóðviljann til undirbúnings auglýsingum og til-
kynningum.

Um nónbil breyttist þetta allt skyndilega með óvæntum
hætti. Krisján ræðir við Inga og tjáir honum að sér hafi verið
bannað af miðstjórninni, að taka þátt í útifundinum og þyði ekki
um það frekar að tala.

Verður nú hinn mesti úlfabýtur og falla mörg orð og
ljót í garð Framsóknar milli þeirra, sem áður föggnuðu mest. Einar
verður mjög sleginn. Lúðvík segist alltaf hafa vitað að enginn
útifundur myndi verða. Nota verði blöðin, útvarpið og dreifibréf
til hins ítrasta. Menntelja að nú komi helst til greina að Al-
þýðusambandið haldi fundinn.

Ekki heppilegt að Alþýðubandalagið standi eitt að honum. Menn efast þó um að Alþýðusamb. fái til þess, en leggja beri að því að taka það að sér.

Undirbúningur var hafinn að útgáfu aukablaða þjóðviljans og Tímans á mánudag vegna fundarins, skv. upplýsingum Inga R. Ekki nefnt aftur.

Kjartan Ólafsson skammast heiftarlega við Valborgu Bentsdóttur út af kveifarskap og hringlandahætti. Tekur V. mjög undir það. Skýring hennar er að hægriöflin í flokksnum hafi tekið svona fast í taumanna. Þeir hafi engan skilning á vilja fólksins. Hinsvegar standi hún og Kristján ein uppi í fulltrúaráðinu og auðvitað geti þau þá ekkert gert í málinu. Kjartan segir að hún hafi ekki hugmynd um, hversu mikið tjón Framsókn sé búin að gera með þessum hráskinnaleik. Fyrst að látast vera tilbúin í næst um hvað sem er. Láta tala við fjölda manns og næstum setja þetta í blöðin. Ganga svo frá öllu. Hvernig sé umboði þeirra Kristjáns eiginlega háttað eða hvort þau séu að spila upp á eigin spítur. Valborg segir það vera síður en svo, en þau hafi orðið undir í lokin. Þetta sé svo skrítin flokksforusta. Hún komi fram með vantraust, standi að fundarhöldum úti á landi og sé með mikla kokhreysti, en doðni svo niður fyrir hægri öflunum.

Ekki er vitað um niðurstöðu í útifundarmálum, þegar kvöld er komið.

2. Mikilvægt mál á ferðinni milli Einars og Geirs Gunnarssonar út af Keili. Geir hefir verið að athuga það fyrir Einar. Axel í Raftækjaverksmiðjunni hefði kostað bæjarstjórn Hafnarfjarðar eina og hálfu miljón hefði hann komist þar inn síðast. Þá hefði Hafnarfjörður keypt Keili eða gengið í ábyrgð og tapað öllu saman. Axel hafi tekist að fá ríkisábyrgð hjá Guðm. Í. með samþykki Emils. Geir tíundar öll fjármálaatriði um Keili við Einar. Skipið sé einskis virði, eins og nú sé upp komið og Axel hafi allt af vitað. Vélin gerónýt. Búið að taka allt nýtilegt úr skipinu. Það standi ekki undir sjóveðskröfum einu sinni.

Einar í miklu uppnámi út af máli þessu. Hann muni koma með tillögu um rannsóknarnefnd á hendur eigendum skipsins og ráðherrum Alþýðuflokksins. Annaðhvort á mánud. eða þriðjudag. Alþýðuflokksstjórnin hafi latið stórfé úr ríkissjóði, sem nú sé tapað. Stærsta skandalamál, sem komið hefir fyrir toppkratanna. Það megi til með að nota þetta gagnvart ungum jafnaðarmönnum. Nú sé tækifærið fyrir þá að kasta af sér oki foringjanna, sem staðnir eru að stórsvikum. Það þurfi að taka Stefán (í Hafnar-

firði) og sýna honum fram á hneykslið. Láta hann gera uppsteyt og skurk út af þessu. Geir tekur því heldur dauflega. Telur Stefán naumast mann til þess. Einar spyr hvort Axel sé í Útvegsbankanum. Geir telur það ólíklegt. Hann heldur að Axel sé í stjórn Iðnaðarbankans og fái þar allt, sem hann vilji.. Einari þótti gott að heyra það. Biður Geir að taka niður öll atriði, er skipt geti máli í sambandi við fjárglæframál þetta. Það þurfi að nota.

3. Andspyrnuhreyfingin er í fullum gangi með undirskriftasöfnun út um allt land vegna mótmæla gegn hersetu í landinu. Ætlunin er að byrja hér í Reykjavík eftir biófundinn á sunnudaginn kemur og að lokum verður hver einasti Reykvíkingur með kosningarétti beðinn að skrifa undir.

Kjartan segir að skipulagning hreyfingarinnar gangi mjög vel. Markmiðið sé að skipuleggja svo vel, að kalla megí út með dagsfyrirvara 1000 manns til fundarhalds, hvenær, sem þurfi. Verið að undirbúa happdrætti með bifreið, stóru málverki eftir Scheving og öðru eftir Svavar, til þess að standa undir kostnaði við undirskriftasöfnunina. Svavar tilbúinn að láta málverk gegn lægra verði en upp verði gefir í sambandi við happdrættið. Hann segist hafa verið með í Keflavíkurgöngunni (frá Hafnarfirði) en ekki hafa fylgst með hreyfingunni síðan að neinu marki vegna dvalar erlendis. Kjartan setur hann inn í hvenig málin standa nú og ýkir nokkuð, miðað við önnur samtöl.

4. Mjög mikil vinna lögð í Iðjukosningar.

5. Áframhaldandi óánægja með Þjóðviljann. Magnús Kjartansson orðinn úrvinda af þreytu. Virðist vera kominn að því að gefast upp að áliti sumra. Vill alls ekki vera ræðumaður á úti-fundi um landhelgismálið. Varð Ingi að taka að sér ræðumenskuna.

5. marz 1961.

1. Enn er nokkur óvissa um útifundarhald. Menn ræða mikið um svik Framsóknarflokksins í því máli. E.O. gefur helst upp, að Framsókn hafi verið hrædd um annan 30. marz. Útilokað að halda fundinn á morgun. Til athugunar, hvort unnt reynist að halda hann á þriðjudaginn. Er undir Alþýðusambandinu komið. E. O. reynir ekki að hafa samband við Hannibal, en nær loks í Eðvarð eftir kvöldmat. Segir honum frá svikum Framsóknar. Nú sé allt undir ~~Alþýðusambandinu~~ Alþýðusambandinu komið, enda sé það "traditionelt" að verkalýðsfélögin komi við sögu í landhelgismálinu sbr. 2' stóran útifund á Lækjartorgi 1958. Eðvarð spyr hvort ræðumaður muni fást frá Framsóknarflokknum og efast Einar ekki um það. Eðvarð segir þetta muni mest komið undir Hannibal. Lagt mjög að honum að ná í hann. Eðvarð heitir því í kvöld eða fyrramálið. Er fremur dræmur. Kalla þurfi saman fund. Hann geti það ekki fyrr en áliðið sé dags. Vitleysa að hugsa ekki um þetta fyrr í dag. Erfitt að koma auglýsingum í gang annað kvöld o.s.frv. Lofar þó að athuga þetta.

2. Einar hefir eytt miklum tíma í að skrifa nefndarálit. Mikil samráð við Lúðvík. Sömu leiðis haft samráð við Hermann J. Tillögur þeirra og nefndarálit efnislega eins, en ekki sameiginlegt. Nokkrar áhyggjur hjá E.O. að málið verði hespað af á morgun með takmörkun á ræðutíma. Hans flokkur ákveðinn í að halda uppi miklu málþófi, jafnvel alla næstu nótt. Þórarinn telur að hans flokkur muni einnig standa að því, vel flestir þingmenn muni taka til máls.

3. Bergur Sigurbjörnsson er mjög óánægður hvernig fór um útifundarundirbúninginn. Segir að ekki megi sleppa Framsókn svona billega. E.O. telur að mjög mikilvæg yfirlýsing sé til athugunar hjá Framsókn, en ekkert sé hægt að segja um hana fyrr en eftir kl 4 á morgun, þegar þingflokksfundur sé búinn hjá þeim. Finnbogi Rútur hafi samband við Hermann um málið. Mun vera um einhverskonar yfirlýsingu að ræða, er gengur út á að Framsóknarflokkurinn muni ekki virða samninginn.

4. Mjög mikil ánægja með fundinn í Ólafsvík. Talið vera hálfgerðt uppreisnarástand þar. Uppl. frá Inga. E.O. spyr hvort

6. marz 1961.

1. Enn hafa verið umræður um útifund á milli ýmissa aðilja í dag. Þar á meðal hefir verið þingað um það hjá aðalforsprökkum Alpýðusambandsstjórnar. Niðurstaðan varð sú að ókleyft væri að halda útifundinn á morgun og var ýmsu borið ~~í~~ við. Hannibal gefur ekki beinlínis upp, að hann sé á móti fundarhaldi, en hugmyndin hafi ekki fylgi, m.a. sé Snorri á móti því. Síðar gefur Hannibal upp, að hann hafi verið á fundi með Einari, Eðvarð og Lúðvík og verið ásáttir um, að vonlaust væri að hugsa til útifundar á morgun. Auglýsingar myndu verða til að umræður yrðu skornar niður.

Áður hafði Einar O. talað við Þórarín um málið. Ef til fundar kæmi telur Þ. ekkert útilokað að þar tæki Framsóknarmaður til máls. Um það væri rétt að samband við Kr. Thor., en að sjálfsögðu myndi sá maður ekki tala á vegum flokksins. Þ. tók ákveðið fram, að hann teldi ákaflega áhættusamt að halda útifund. Ef hann yrði ekki vel sóttur, gæti það stórspillt fyrir.

Fram kemur, að Framsóknarmenn eru hræddir um stórtap, ef til átaka kæmi á almannafæri. Einnig að Daníel og Halldór hafi heimsótt Eysteín og fengið fullkomið samþykki hans til útifundarhaldsins.

2. Menn eru sammála um, að stemningin sé að breytast andstæðingum þingsályktunartill. í vil, einnig hér í Reykjavík, eins og víða úti á landi. Er sárt að ekki skuli vera eins og hálfur mánuður til stefnu. Á þeim tíma mætti gera mikið til að snúa almenningsálitinu. (Þessa verður þó ekki vart hjá hinum minni spámönnum, nema síður sé)

3. E.O. ræðir mikið við Þórarinn um þörf á því að skipuleggja baráttuna og finna leiðir til þess að ná meirihluta, hvort, sem hægt verði að stjórna með honum eða ekki. E. er meira upplýsandi um möguleika og uppbyggjandi. Þ. játar spyr, leggur orð í belg, virðist fús til, þótt hann segi ekki mikið. Ráð Einarar:

Taka Keilismálið upp í blöðunum af mikilli hörku. Hann muni ath. um till. í þinginu í sambandi við það.

Kljúfa Alpýðuflokkinn, helst í stórum stíl, ef það ekki hægt, þá eins og unnt er. Komi þar helst til greina að athuga Erlend Vilhjálmsson. Þ. telur hann mislukkaðan sögunemanda frá

Noregi, en mælskan á sinni skólatíð. Einar telur næstlíklegasta honum til klofnings Óskar H., Eggert og Baldvin Jónsson. Styrkja þurfi klofningsöflin og fleyga þau frá. Þ spyr um Akureyri. Þar telur E. enga von. Hann telur Guðm. I. mjög sterkan, enda hafi hann Ameríkana að baki sér. Gylfi alveg fallinn.

E. telur mjög hart, að verkfallsfólk í Eyjum skyldi ekki standa sig. Það þarf að skipuleggja betur hér og undirbúa.

Þjóðvörn er nokkuð góð núna. Það þarf að styðja þá og innbyggða einhvernvegin. Bergur er ágætur núna. Hann langar til ykkar. Þ.: Það má ath. það.

4. Mikil óánægja vegna ósigurs í Iðjukosningum. Einar töluvert sleginn. Þarf að endurskipuleggja að margra áliti. Nota A.F.R mikið meira næst. Þeir stóðu sig mjög vel, en geta gert mikið meira gagn, ef rétt er á haldi. Sparka Birni og Halldóru.

5. Snorri kannar hug manna úti á landi til verkfallsmála. Mjög daufir á Vestfjörðum. Sagt að menn þar hafi ekki hug á því að láta plata sig út í svintýri. Nóg sé komið af því. Betra hljóð á Austurlandi. Menn þar til í verkföll samtímis verkföllum annarstaðar. Þó ekki áhugi fyrir að senda mann til Reykjavíkur til þess að vera með í samningsumleitunum, sem fram feru þar.